



Fundargerð

**509. fundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps
haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,
föstudaginn 26. júlí 2024.**

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Björn Helgi Snorrason, Gunnar Pétur Sigmarsson, Auður Guðbjörnsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Einar Kristján Jónsson.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn klukkan 10.00.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2407001 - Framkvæmdasýslan-Ríkiseignir

Lagt fram bréf, dagsett 20. júní 2024 frá Framkvæmdasýslunni Ríkiseignum vegna gestastofu við Kirkjubækarklaustur, ásamt svarbréfi Skaftárhrepps, dagsettu, 9. júlí 2024.

Sveitarstjórn afgreiddi framlagt erindi samhljóða á milli funda.

2. 2407005 - Sýslumaðurinn á Suðurlandi

Erindi, dagsett, 10. júlí 2024, umsagnarbeiðni vegna rekstrarleyfis Ferðafélagsins Útvistar. Sótt er um leyfi til reksturs gististaðar i flokki II-E fjallaskáli. Staðsetning gististaðarins er Skælingar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða, veitingu leyfisins fyrir sitt leyti með fyrirvara um samþykki annarra umsagnaraðila.

3. 2407007 - Erindisbréf velferðarráðs Skaftárhrepps

Lögð fram drög af erindisbréfi fyrir Velferðarráð Skaftárhrepps.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða framlagt erindisbréf fyrir velferðarráð.

BHS
JG.
SRI
AK
GDS
1576



4. 2407006 - Kosning í Velferðarráð

Kosning í velferðarráð skv. 41. gr. nýrra samþykkta Skaftárhrepps.

Oddviti gerði grein fyrir málinu. Ný samþykkt um stjórn og fundarsköp Skaftárhrepps mun taka gildi á næstu dögum þegar auglýsing birtist í B-deild stjórnartíðinda. Verða miklar breytingar á fastanefndum sveitarfélagsins. **Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í velferðarráð Skaftárhrepps sem aðalmenn:** Bergur Sigfússon, Arnfríður Sædís Jóhannesdóttir, Gunnar Pétur Sigmarsson, Jón Geir Ólafsson, Auður Eyþórsdóttir, Sveinn Hreiðar Jensson og Sólveig Ólafsdóttir.

Varamenn: Guðmundur Ingi Arnarson, Sæunn Káradóttir, Bryndís Karen Pálsdóttir, Kristín Lárusdóttir, Erla Þórey Ólafsdóttir, Einar Björn Halldórsson og Anna Magdalena Buda.

Jafnframt samþykkir sveitarstjórn samhljóða að Bergur Sigfússon verði formaður ráðsins.

5. 2407004 - Áskorun til sveitarstjórnar

Lagður fram undirskriftarlisti vegna vatnsskorts í Landbroti og Meðallandi.

Fyrir fundinum liggur áskorun undirrituð af íbúum, land og sumarhúsaeigendum í Skaftárreppi þar sem vakin er athygli sveitarstjórnar á grafalvarlegri stöðu grunn og yfirborðsvatns í Landbroti og Meðallandi. Í erindinu er jafnframt biðlað til sveitarstjórnar að gera allt sem í hennar valdi stendur til að bæta úr þessari stöðu, berjast fyrir lífríki og náttúru sveitarfélagsins og á sama tíma lífsviðurværi, mannréttindum og almennum hagsmunum íbúa sveitarfélagsins. Sveitarstjórn hitti forsvarsmenn erindisins á fundi í Félagsheimilinu Tunguseli þann 18. júlí síðast liðin, ásamt umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Guðlaugi Þ. Þórðarsyni þar sem erindið var kynnt nánar. Í kjölfar þess fundar aflaði sveitarstjórn sér álits hjá lögfræðingi sveitarfélagsins á aðkomu sinni og hlutverki er varðar þetta mál. Eins og fram kemur í minnisblaði lögfræðingsins hefur sveitarfélagið ekki lögformlega heimild til þess að vera framkvæmdaaðili í neinu því sem snertir breytingu á vatnasviði Skaftár. Jafnframt kemur fram í minnisblaðinu að varnargarður við Árkvíslar er á ábyrgð Vegagerðarinnar.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að senda áskorun til Vegagerðarinnar um að fara í bráðaaðgerðir við Árkvíslar til að bæta vatnsbúskap í Landbroti og Meðallandi. Lindarlækir Landbrots og Meðallands er mikilvægt vistkerfi og uppeldisstöðvar fyrir sjóbirting í Skaftárreppi. Það er nauðsynlegt að tryggja að vatnsrennsli sé nægilegt til að viðhalda þessum vistkerfum og vernda fiskistofna á svæðinu. Svæðið hefur verið metið að það hafi náttúruverndargildi og er á náttúrumínaskrá frá 1996.



6. 2407008 - Stýrihópur um málefni Skaftár

Gróður- og landeyðing með farvegum Skaftár er og hefur til langs tíma verið alvarlegt umhverfisvandamál. Er þar einkum um að kenna mjög miklum aurburði í sumarrennsli árinnar og vegna tíðra Skaftárhlaupa. Þá er vatnsbúskapur í Landbroti og Meðallandi viðkvæmur fyrir breytingum á rennsli Skaftár. Sá vandi stafar af náttúrulegum breytingum á rennsli Skaftár og aurfyllingu í hrauninu, auk þess sem vatnsstýring hefur gjörbreytt aðstæðum á svæðinu. Samhliða endurskoðun á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010-2022 unnu Umhverfisráðuneytið og Skaftárhreppur sameiginlega að fyrirkomulagi stækkunar Vatnajökulsþjóðgarðs innan lögsögu sveitarfélagsins. Ljóst var að með þeirri stækkun væri úr sögunni sá möguleiki að veita Skaftá í Langasjó og þar með að draga úr skaðlegum áhrifum aurburðar í og með farvegum Skaftár næstu áratugina. Því þyrfti að takast á við vatnsstýringu og aurburðarvandamál með öðrum hætti og annarsstaðar. Þann 10. maí 2011 var undirrituð „*Yfirlýsing um samstarf Skaftárhrepps, Umhverfisráðuneytisins og Vegagerðarinnar vegna aðgerða gegn gróður- og landeyðingu á áhrifasvæði Skaftár*“. Samkvæmt yfirlýsingunni er talið líklegt að aurburður Skaftár og landspjöll af hennar völdum, ásamt viðkvæmum vatnabúskap í Landbroti og Meðallandi verði viðvarandi viðfangsefni til varnar búskap og byggð í Skaftárhreppi um fyrirsjáanlega framtíð. Með yfirlýsingunni móta Skaftárhreppur, umhverfisráðuneytið og Vegagerðin samstarf til þess að sporna við eftir megni landsspjöllum Skaftár og óæskilegum áhrifum ágangs hennar á vatnsbúskap svæðisins og verði það sameiginlegt viðfangsefni allra aðila.

Samkvæmt yfirlýsingunni tilnefndu samstarfsaðilar fulltrúa sína í stýrihóp sem hafði umboð til 5 ára. Til eru a.m.k. 15 fundargerðir frá fundum stýrihópsins þar sem lesa má um fyrstu hugmyndir að aðgerðum, ásamt því sem hópurinn kallaði til sérfræðinga til ráðgjafar. Einhverra hluta vegna dagaði starf stýrihópsins uppi áður en þetta 5 ára umboð var liðið. Núverandi sveitarstjórn Skaftárhrepps er full meðvituð um þau vandamál sem fylgt hafa og fylgja munu aurburði og vatnsbúskap á vatnasviði Skaftár um ókomna tíð. Sveitarstjórn ítrekar því nauðsyn þess að virkja aftur það samstarf aðila sem til var stofnað, dagsett 10. maí 2011.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að koma ósk sveitarfélagsins á framfæri um að stýrihópurinn verði virkjaður að nýju, við aðra þá aðila sem sæti eiga í stýrihópnum.

BHS
S. M.
J.G. GES
1578



Fleira ekki gert,
fundí slitið kl. 12.00.

Jóhannes Gissurarson
Jóhannes Gissurarson

Gunnar P. Sigmarsson
Gunnar Pétur Sigmarsson

Sveinn H. Jensson
Sveinn Hreiðar Jensson

Björn Helgi Snorrason
Björn Helgi Snorrason

Auður Guðbjörnsdóttir
Auður Guðbjörnsdóttir